

Fundur í Betadeild DKG mánudaginn 14. október 2024

Fundurinn var haldinn í Hlíðarskóla við Skjaldarvík. Mættar voru 20 Betasystur

Undirbúningsnefnd: Björk, Hanna, Kristín Snæland, Lilja og Ólög Ása.

1. Setning fundar

Eygló formaður setti fund og Kristín Snæland kveikti á kertunum. Eygló flutti kveðjur frá fjarstöddum konum og síðan tók Björk við fundarstjórn fyrir hönd undirbúningsnefndar.

2. Fundargerð síðasta fundar

Eygló las upp fundargerð frá aðalfundi í maí sl. í fjarveru Sigurbjargar, fráfalandi ritara. Fundargerðin var samþykkt.

3. Orð til umhugsunar

Lilja Sæmundsdóttir nefndi hugvekju sína: „Eitthvað til að hlakka til“. Hún útskýrði hvernig hún notaði frjálstan útsaum sem styrk í veikindum og hannaði útsaumsverk í samvinnu við dóttur sína.

4. Veitingar og happdrætti

Undirbúningsnefnd stóð fyrir veglegum kaffiveitingum. Dregið var í happdrættinu og fékk Lilja vinninginn sem Hanna kom með.

5. Ýmis mál frá stjórn

- Eygló, sem setið hafði framkvæmdaráðsfund, nefndi að hugmynd Beta-deildar um að halda þing á afmælisári næsta vor hafi ekki fengið hljómgrunn, þingið yrði fyrir sunnan. Á framkvæmdaráðsfundi komu fram eftirfarandi tillögur frá afmælisnefnd og voru samþykktar:
 - Halda afmælisráðstefnu og afmælishóf í tengslum við landssambandsþing
 - Gefa út vefrit þar sem saga félagsins kæmi fram
 - Semja afmælisöng
 - Allar deildir myndu vinna að samfélagsverkefni á næsta ári, hver á sínum stað, til að vekja athygli á samtökunum. Hægt er að sækja um fjóra styrki að upphæð kr. 100.000.
- Mý-deild er tilbúin að vinna með Beta að slíku verkefni. Eygló óskaði eftir tveimur konum í samstarfsnefnd. Vaka og Sigga buðu sig fram og var fagnað með lófataki.
- Jólafundur verður haldinn í lok nóvember og verður hann sameiginlegur með Mý- og Nýdeildum.
- Stjórn hefur valið þema fyrir þetta stjórnartímabil. Þemað verður Heilsa og vellíðan. Eygló óskaði eftir tillögum Betasystra að undirfyrirsögn.
- Minnt var á að sækja þarf um Scholarship-styrk fyrir 1. febr.

- Eygló fjallaði um minnislista deildarinnar, sem sendur var út á félagskonur fyrir fund og lýsti eftir athugasemdum og viðbótum.

6. Erindi

Ólöf Ása Benediktsdóttir, Betasystir og skólastjóri Hrafnagilsskóla, kynnti meistaraverkefni sitt; „Maður þarf að gera eitthvað, það er alveg ljóst...” Verkefnið fjallaði um reynslu skólastjóra í grunn- og framhaldsskólum af vinnutengdri streitu kennara. Ólöf Ása lýsti m.a. streituvöldum og verndandi þáttum og nauðsyn þess að jafnvægi ríki. Hún fjallaði um birtingarmyndir streitunnar, sem m.a. geta verið samskiptaátök, neikvæðni og minnkuð hæfni, sem að lokum getur leitt til kulnunar. Hún ályktaði að opnari menning þurfi að koma til, þannig að ræða megi opinskátt slík vandamál í tæka tíð. Töluverðar umræður urðu um kynningu Ólafar.

7. Önnur mál

- Útbreiðslunefnd. Fríða minnti á að tilnefna nýjar félagskonur, því ferlið tekur langan tíma. Eygló tók undir með Fríðu og hvatti til að hafa í huga af hvaða sviðum helst vantar fulltrúa. Í útbreiðslunefnd eru: Fríða, Jóhanna og Sigríður.
- Þorgerður benti á að hægt sé að sækja um samfélagsstyrk hjá Norðurorku, ef slík verkefni yrðu á döfinni.
- Kristín Snæland bauð upp á skoðunarferð um skólann að loknum fundi, fyrir þær sem vildu.

8. Fundarslit

Fleira ekki gert, Kristín slökkti á kertum og Eygló sleit fundi.

Fundargerð ritaði Selma Hauksdóttir